

**From:** Jenný Steinarsdóttir <jenny.steinarsdottir@frn.is>  
**Sent:** 20 February 2025 10:42  
**To:** oldrunarrad@oldrunarrad.is; leb <leb@leb.is>; Samband íslenskra sveitarfélaga <Samband@samband.is>  
**Cc:** Birna Sigurðardóttir <birna.sigurdardottir@frn.is>  
**Subject:** Samstarfsnefnd um málefni aldraðra – endurskipun eftir Alþingiskosningar 2024

Tilvísun í mál: FRN25020153

Öldrunarráð Íslands

Landssamband eldri borgara [leb@leb.is](mailto:leb@leb.is)

Samband íslenskra sveitarfélaga [samband@samband.is](mailto:samband@samband.is)

**Efni: Beiðni um tilnefningu í samstarfsnefnd um málefni aldraðra.**

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra starfar á grundvelli 4. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, en samkvæmt greininni skipar ráðherra fimm manna samstarfsnefnd um málefni aldraðra eftir hverjar alþingiskosningar. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Landssambandi eldri borgara, einn af Öldrunarráði Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveir skipaðir án tilnefninga og skal annar þeirra vera formaður.

Samkvæmt 5. gr. laga um málefni aldraðra eru verkefni samstarfsnefndar um málefni aldraðra eftirtalin;

1. Að vera ráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um málefni aldraðra.
2. Að vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka sem starfa að málefnum aldraðra.

Með vísan til framanritaðs er þess hér með óskað að Öldrunarráð Íslands, Landssamband eldri borgara og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni einn fulltrúa og annan til vara, til setu í samstarfsnefnd um málefni aldraðra.

Athygli er vakin á 2. mrg. 28. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Jafnframt er kveðið á um að tilnefningaraðila sé þó heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.

Þess er vinsamlega óskað að umbeðnar tilnefningar berist ráðuneytinu eins fljótt og kostur er, og eigi síðar en 10. mars nk. ásamt upplýsingum um kennitölur og netföng þeirra aðila sem tilnefndir verða.

Í samræmi við reglur um nefndastörf á vegum ríkisins er ekki greitt sérstaklega fyrir setu í samstarfsnefndinni af hálfu ráðuneytisins.

f.h. ráðherra



**Jenný Steinarsdóttir, sérfræðingur / Special Advisor**

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið / Ministry of Social Affairs and Labour

Síðumúli 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8100

[www.stjornarradid.is](http://www.stjornarradid.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



JAFNLAUNAVOTTUN  
2022 - 2025

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing